

Ed.

55. Frumvarp til laga

[38. mál.]

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist:

Nú vinnur kona framteljanda utan heimilis, og má þá frádráttarbær kostnaður vegna heimilisstjórnar nema þeim launum, sem ráðskonu sannanlega eru greidd, en þó ekki hærrí upphæð en konan vinnur sér inn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmdar við álagningu skatta árið 1951.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var borið fram frv., þar sem farið var fram á þá breyting á l. nr. 6 frá 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, sem hér er gert ráð fyrir. Frv. þetta náði þá ekki fram að ganga og er því lagt fram á ný með þeirri breytingu, að 2. gr. þess, um breytingu á 12. gr. laganna, er felld niður.

Í grg. fyrir frv. á síðasta þingi segir svo:

„Eins og kunnugt er, hefur það valdið mikilli óánægju og umræðum, að tekjur konu, sem vinnur utan heimilis, eru skattlagðar sameiginlega með tekjum manns hennar þannig að tekjurnar samanlagðar lenda í miklu hærri skattstiga en ef skattlagt væri í tvennu lagi. Hefur því verið unnið að því af ýmsum aðilum, sérstaklega samtökum kvenna, að fá komið í gegn þeirri breytingu á skattalögum, að slíkar tekjur kvenna vegna starfa utan heimilis væru skattlagðar sérstaklega.

Nú hafa frv. í þessa átt verið felld hér á Alþ. og þessi lausn málsins mætt ýmiss konar andstöðu. Er því sérstaklega haldið fram af hálfu skattyfirvaldanna, að ef til þessa ráðs yrði gripið, yrði jafnframt að setja ýmis ákvæði og gera vissar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja misnotkun í sambandi við slíka sérsköttun hjóna. Þyrfti þetta því meiri undirbúning við en kostur væri á að svo stöddu og væri heppilegast að geyma ákvörðun varðandi þessa leið, þar til gengið yrði frá því heildarlagafrumvarpi um skattamálin, sem væntanlega verður innan tíðar lagt fyrir Alþingi.

Enda þótt þeir aðilar, sem hafa beitt sér fyrir málinu, haldi fast við þá lausn þess að afnema samsköttun hjóna, þykir vonlitið á þessu þingi að fá því framgengt. Hins vegar veldur núverandi skattlagningaraðferð svo miklu ranglæti eða auknum álögum hjá þeim heimilum, sem hún snertir, að ekki verður hjá því komið að finna einhverja bráðabirgðalausn til úrbótar.“